

greiðsludags og kr. 9.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 44/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Ingólfi Kristjánssyni**

(Ingi H. Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tékkamisferli.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn, m. a. ljósrit af hlaupareikningi ákærða við Landsbanka Íslands. Ber það með sér, að hinn 18. marz 1969 er lagt inn á reikninginn kr. 7.000.00, og er innstæða á honum þá kr. 16.682.36. Næsta dag, 19. marz, greiðir bankinn þrjá tákka, er bera lægri númer en tékki sá, sem mál þetta er af risið. Er innstæða þá á reikningnum kr. 10.722.36 og nemur ekki kr. 15.000.00 eða hærri fjárhæð fyrr en 27. s. m., er ákærði leggur inn á reikninginn kr. 9.000.00, og er innstæða þá kr. 19.613.86.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en eftir atvikum þykir mega ákveða að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærða í eitt ár frá uppsögu dóms þessa að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að vísa fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar frá sakadómi, enda eðlilegast, að um hana verði fjallað í almennu dómsmáli í sambandi við rift-unarkröfu ákærða á kaupum bifreiðarinnar H 158, ef til slíks máls kemur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ingólfs Kristjánssonar, skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar er vísað frá sakadómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Inga Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. janúar 1971.

Ár 1971, föstudaginn 22. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 99/1971: Ákærvaldið gegn Ingólfi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 21. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 30. október f. á., gegn Ingólfi Kristjánssyni klæðskera, nú til heimilis Hrafnskálum 1 á Hellu, Rangárvöllum, fæddum 14. marz 1935 á Vopnafirði, „fyrir tékkabrot með því að hafa hinn 21. marz 1969 gefið út tékka að fjárhæð kr. 15.000.00, B. Nr. 210637, á hlaupareikning nr. 8326 (4736) við Landsbanka Íslands í Reykjavík, til Stefáns Jóhannssonar, sem skyldi vera greiðsla til nefnds Stefáns á kaupverði bifreiðar, en bankainnstæðu brast fyrir ávisun þessari við fram-

vísun hennar hinn 25. marz s. á. af Gunnari Jóhannessyni, enda hafði ákærði og er þá var komið tekið fé út af nefndum ávísana-reikningi til að koma í veg fyrir greiðslu bankans á henni, þar sem hann hugðist þá rifta bifreiðarkaupunum, en Stefán hafði þá þegar framselt fyrrnefndum Gunnari Jóhannessyni ávísun þessa í skiptum fyrir tvær aðrar, kr. 5.000.00 og kr. 10.000.00, er hann hagnýtti sér í viðskiptum.

Telst ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara samkvæmt 261. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Hinn 19. marz 1969 keypti kona ákærða, Ingibjörg Finnboga-dóttir, notaða bifreið, H 158, af Stefáni Jóhannssyni, Sjafnargötu 8, fyrir hönd Ljós-vakans h/f á Blönduósi, er var skráður eigandi bifreiðarinnar. Kaupverð bifreiðarinnar var kr. 15.000.00, og greiddi ákærði seljanda það með tékka á hlaupareikning 4736 í Landsbanka Íslands. Tékkinn var dagsettur 23. marz, og var gert ráð fyrir, að þá mætti sýna hann til greiðslu. Þegar tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 25. marz, var innstæða ekki til fyrir honum. Hafði ákærði gert ráðstafanir til þess, að tékkinn yrði ekki greiddur, og tekið út innstæðu, er verið hafði á reikningnum. Enn fremur hafði Hilmar Ingimundarson lögfræðingur ritað Ljós-vakanum h/f bréf hinn 24. marz og tilkynnt, að þar sem komið hefði í ljós, að umrædd bifreið hafi reynzt nær gerónýtt, hafi kaupandi ákveðið að rifta kaupunum og hafi ráðstafanir verið gerðar til þess, að tékkinn yrði ekki greiddur. Í bréfinu er þess einnig krafizt, að tékkinn verði afhentur og muni lyklum bifreiðarinnar þá skilað.

Vitnið Stefán Jóhannsson segir, að ákærði eða kona hans hafi keypt bifreiðina í því ástandi, er hún var í, og ákærði hafi skoðað bifreiðina, áður en kaupin voru gerð. Bifreiðin hafi raunar verið léleg, en vél þó verið allgóð og nýtilegir snjóbarðar undir afturhjóllum og sæmilegir undir framhjóllum. Hafi bifreiðinni verið ekið frá Blönduósi til Reykjavíkur fáum dögum áður.

Stefán segir, að ákærði hafi beðið um, að tékkinn yrði ekki sýndur fyrr en eftir helgina, eftir að kaupin voru gerð. Skráður útgáfudagur tékkans, 23. marz, var sunnudagur.

Stefán seldi tékkann Gunnari Jóhannessyni útvarpsvirkja, Háagerði 71. Eftir að í ljós kom, að tékkinn fékkst ekki greiddur í

greiðslubankanum, hefur Stefán greitt Gunnari tékkafjárhæðina.

Í afsali, sem Stefán Jóhannsson gaf út fyrir bifreiðinni f. h. Ljósvakans h/f og kaupandi, Ingibjörg Finnbogadóttir, hefur undirritað, segir m. a. svo: „Bifreiðin selst í því ástandi, sem hún nú er, og kaupandi hefur þegar kynnt sér“.

Ákærði hélt því fram við meðferð máls þessa, að Stefán Jóhannsson hefði ekkert umboð haft til þess að selja bifreiðina. Sönnur hafa þó verið færðar á, að Stefán hafði fullt umboð til sölunnar, og er umrædd staðhæfing ákærða tilhæfulaus.

Ákærði kveðst ekkert vita um afdrif bifreiðarinnar, en lögreglan muni hafa tekið hana og flutt hana til björgunarfélagsins Vöku.

Stefán Jóhannsson krefst þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 15.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 25. marz 1969 til greiðsludags.

Niðurstöður.

Ákærði notaði tékka þann, sem um er að ræða í máli þessu, til þess að greiða með honum bifreið, en sá svo um, að tékkinn fékkst ekki greiddur við sýningu. Viðtakanda tékkans var kunnugt um það við viðtöku, að ekki átti að sýna tékkann til greiðslu fyrir en eftir tiltekinn tíma. Þykir ákærði með notkun tékkans hafa brotið gegn 261. gr. hegningarlaga, og verður refsing ákærða, sem ekki hefur fyrir sætt refsingum, er hér skipta máli, ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu ákærða hefur fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar verið mótmælt og því haldið fram, að krafan verði einkaréttarlegt ágreiningsefni, er eigi sé verkefni sakadóms að skera úr.

Krafa Stefáns varðar beinlínis bætur fyrir það tjón, er hann varð fyrir vegna brots þess, sem ákærði er nú dæmdur í refsingu fyrir. Ber því að dæma um kröfuna í máli þessu, og verður krafan tekin til greina að öllu leyti.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmarssonar Ingimundarsonar hæstiréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Kristjánsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Stefáni Jóhannssyni kr. 15.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 25. marz 1969 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 2. júní 1971.

Nr. 37/1970. **Byggingavöruverzlun Tómasar Björnssonar h/f**  
 gegn  
**Gunnari Jónssyni, Pálma Jónssyni og Péttri Jónssyni.**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingavöruverzlun Tómasar Björnssonar h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Gunnari Jónssyni, Pálma Jónssyni og Péttri Jónssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---